

REGLUR

um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi, fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2004:

1. flokkur	≤ 600.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (1,61 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).
3. flokkur	> 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (4,04 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Einungis er verðfellt vegna líftölu. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2% og fyrir hvert sýni sem fer í 3. flokk skal verðfellt um 5%. Samanlögð prósentastær einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. desember 2003.

F.h. verðlagsnefndar búvöru,

Ólafur Friðriksson formaður.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Austurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Austurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	7.500 á hvert sorphlát.
Sorpeyðingargjald	6.500 á hvert sorphlát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Austurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2004. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 934/2002.

Fáskrúðsfirði, 22. desember 2003.

F.h. Austurbyggðar,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.